

EFTIRLITSSKÝRSLA

Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði Fáskrúðsfirði



Dags eftirlits	23.10.2014	Fulltrúi UST	Hákon Hansson
Fyrirtæki	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnargötu 1, Fáskrúðsfirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5812012650	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Ólason	ÍSAT nr.	15.20.72
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	735718,92 501484,078

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni, engar athugasemdir voru gerðar. Nýtt starfsleyfi fyrir verksmiðjuna var gefið út 17. september sl og gildir til september 2030.

Hráefni sem unnið er í verksmiðjunni er aðallega loðna, en einnig síld, makrill og kolmunn. Varðandi síld og makrill er fyrst og fremst um að ræða úrgang frá frystihúsi fyrirtækisins, þ.e. hausar, slóg og úrkast, sem fer til bræðslu.

Allt athafnasvæði og umhverfi verksmiðjunnar er snyrtilegt öll umgengni bæði utan húss og innan er til fyrirmyndar. Hvergi var að sjá mengun eða óþrifnað sem rekja má til starfsemi verksmiðjunnar.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað undanfarin ár, síðast í maí 2014 fyrir 2013

UMFANG EFTIRLITS

Í upphafi eftirlits var fundað með vaktstjóra í fjarveru verksmiðjustjóra. Farið var yfir nýtt starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Síðan var verksmiðjan og umhverfi hennar skoðað í fylgd vaktstjóra.

Tvisvar frá síðasta eftirliti hafa eftirlitsaðila borist kvartanir vegna mengunar í sjó frá verksmiðjunni. Í bæði skiptin var farið á staðinn og niðurstaða var að í öðru tilvikinu hafði norskt skip, sem var að landa sleppt blóðvatni í sjóinn við bryggju, en starfsmenn LVF stöðvuðu dælingu, strax og hennar varð vart. Í hitt skiptið varð ekki vart við mengun er komið var á staðinn. Skv. upplýsingum vaktstjóra fóru fram mælingar á frárennsli í mars 2014 og niðurstöður sendar til Ust. Eftirlitsaðili hefur ekki séð niðurstöður þessara mælinga. TVN er alltaf mælt og skráð reglulega og sent til Ust. Könnuð var mæling á hráefni sem verið var að landa þegar eftirlit var framkvæmt. TVN var þar 46. Að sögn vaktstjóra hefur betri kæling í skipum orðið til þess að TVN er alltaf mjög lágt

ANNAÐ

Annað slagið er kvartað yfir lykt frá verksmiðjunni skv. upplýsingum vaktstjóra, þær kvartanir koma einkum frá íbúum innst í bænum, sem er lengst frá verksmiðjunni. Áform eru um að fá sjálfhreinsandi búnað á frárennsli, sbr. lið 2.16 í starfsleyfi.

Reykjavík, 28.11.2014

Hákon Hansson

Hákon Hansson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.